

Strákar 11-12 ára

- Viðar Janus Helgason
- Þorgils Kári Sigurðsson
- 5.-8. Magnús Freyr Bárðarson
- Jón Gunnþór Þorsteinsson

Meyjar 15-16 ára

- Ingveldur Þorsteinsdóttir

Telpur 13-14 ára

- Marín Laufey Davíðsdóttir

Stelpur 11-12 ára

- Hanna Ólafsdóttir

13 keppendur

- Samhygð 2,5 vinn. (í úrslitum)
Vöku 2 vinn. (í úrslitum)
Samhygð 2 vinn.
Samhygð 2 vinn.

6 keppendur

- Samhygð 2 vinn.

3 keppendur

- Samhygð 2 vinn.

4 keppendur

- Baldri 1 vinn.

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing eldri	3. mars
Íþróttæfing yngri	4. mars
Páskahret	6. mars
Páskahret	7. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingah.hr.	7. mars
Páskahret	8. mars
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjasóknar	8. mars
Glímuæfing	9. mars
Íþróttæfing eldri	10. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishr.	10. mars
Íþróttæfing yngri	11. mars
Páskahret	13. mars
Páskahret	14. mars
Páskahret	15. mars
Glímuæfing	16. mars
Umsóknarfrestur til Menningarráðs Su.	16. mars
Íþróttæfing eldri	17. mars
Íþróttæfing yngri	18. mars
Aðalfundur Skógræktarfélag Hraung.hr.	18. mars
Páskahret	20. mars
Páskahret	21. mars
Glímuæfing	23. mars
Íþróttæfing eldri	24. mars
Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjab.hr.	24. mars
Íþróttæfing yngri	25. mars
Aðalfundur Hrossaræktard. Villingah.hr.	25. mars
Flóahlaupið	28. mars
Glímuæfing	30. mars
Íþróttæfing eldri	31. mars



Áveitan



3. tbl, mars. 2009. 3. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Páskahret – Frábærar viðtökur

Nú hefur leikhópur ungmennafélaganna í Flóahreppi sýnt tvær sýningar af Páskahreti og er óhætt að segja að viðtökurnar hafi verið góðar. Áhorfendur hafa hlegið hátt og skemmt sér datt yfir hrakförum ferðahóps sem verður innlyksa í veðurofsa í Hrafninnuskeri. Voveiflegir atburðir eiga sér brátt stað og spennan í skálanaum magnast. Ekki er síður spennandi að fylgjast með hvernig björgunarleiðangri úr byggð reiðir af á leið sinni í Skerið. Gamanið er í fyrirrúmi alla sýninguna og stendur leikhópurinn sig með stakri þryði með dyggri aðstoð frá sniðugri sviðsmynd, ljósanotkun og mögnuðum áhrifshljóðum. Látið Páskahretið ekki fram hjá ykkur fara!

Næstu sýningar eru:

3. sýning fös. 6. mars 20:30	4. sýning lau. 7. mars 20:30
5. sýning sun. 8. mars 20:30	6. sýning fös. 13. mars 20:30
7. sýning lau. 14. mars 20:30	8. sýning sun. 15. mars 20:30
9. sýning fös. 20. mars 20:30	Lokasýning lau. 21. mars 20:30

Sýnt er í Félagsheimilinu Þingborg

Miðapantanir í síma 892-4155, Fanney. Miðaverð er 1500 kr.

Ungmennafélögin í Flóahreppi



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá sveitarstjóra

Skrifstofa Flóahrepps er opin alla virka daga frá kl. 9:00-16:00. Skipti-
borð er opið virka daga frá kl. 9:00-13:00, sími 480-4370.

Heimasíða sveitarfélagsins er www.floahreppur.is
Netfang sveitarstjóra er floahreppur@floahreppur.is
Netfang oddvita er adalsteinn@floahreppur.is

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru 1. miðvikudag hvers mánaðar,
fundarstaður er á skrifstofunni í Þingborg.

Erindi, sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar þurfa
að berast á föstudegi fyrir fundardag.

Skipulags-og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnassýslu og Flóa-
hrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, petur@sudurland.is

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveins-
son, oddviti Flóahrepps.

Heimasíða skipulags-og byggingarfulltrúa er: www.sveitir.is þar sem
meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags-og byggingarnefnda.

Félagsmálafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er með aðsetur í
heilsugæslustöðinni að Laugarási, Bláskógabyggð. Sími hjá félagsmála-
fulltrúa er 480-8800.

Félagsmálafulltrúi Flóahrepps er Nanna Mjöll Atladóttir, felagsmalast-
jori@laugaras.is.

Fulltrúi Flóahrepps í félagsmálanefnd er Guðrún Jónsdóttir, Sandbakka.

Íslenski bærinn

Hannes Lárusson og Ástráður Guðmundsson komu á fund sveitar-
stjórnar 4. febrúar s.l. og kynntu framkvæmdir við Íslenska bæinn að
Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, menningartengda ferðapjónustu og
fræðasetur um íslenska byggingarlist.

Áformað er að ljúka við frágang húsa á á u.þ.b. fjórum mánuðum og
undirbúning sýningar á sex til átta mánuðum. Kynning á starfseminni er
fyrirhuguð sumarið 2009 og formleg opnun er fyrirhuguð 2010.

Fjárhagsáætlanir hafa staðist að mestu leyti þó ekki hafi verið um háa
fjárhagsstyrki að ræða frá hinu opinbera.

Sveitarstjórn styður heilshugar við hugmyndir framkvæmdaaðila Ís-
lenska bæjarins og það mikla starf sem lagt hefur verið í undirbúning
þess.

Glímufréttir

Grunnskólamót HSK

Miðvikudaginn 4. febrúar fór Grunnskólamót HSK fram á Hvolsvelli. Flóaskóli
átti 12 keppendur á mótinu sem stóðu sig afar vel og voru mjög nálægt því að
siga stigakeppni skólanna í bæði flokkum stráka og stelpna í 5. til 7. bekk.

5. bekkur stráka 13 keppendur

2. Þorgils Kári Sigurðsson	2 vinn. (í úrslitum)
9.-11. Jón Gunnþór Þorsteinsson	2,5 vinn.
9.-11. Magnús Freyr Bárðarson	1 vinn
9.-11. Ægir Atlason	1 vinn.

6. bekkur stráka 11 keppendur

2. Viðar Janus Helgason	2 vinn. (í úrslitum)
-------------------------	----------------------

7. bekkur stráka 8 keppendur

3. Sveinn Orri Einarsson	1 vinn. (í úrslitum)
5.-7. Einar Víglundur Kristjánsson	1 vinn.

5. bekkur stúlkna 8 keppendur

5.-6. Hanna Ólafsdóttir	1,5+0 vinn.
-------------------------	-------------

6. bekkur stúlkna 7 keppendur

1. Guðrún Inga Leifsdóttir	6 vinn.
2. Helga Leifsdóttir	5 vinn.

7. bekkur stúlkna 10 keppendur

3. Margrét Ýr Bárðardóttir	2 vinn. (í úrslitum)
4. Ásrún Halla Loftsdóttir	1 vinn. (í úrslitum)

8. bekkur stúlkna 7 keppendur

2. Marín Laufey Davíðsdóttir	5+1 vinn. Vallaskóla
------------------------------	----------------------

Héraðsmót HSK

Samhygð, Vaka og Baldur sendu öll keppendur á Héraðsmót HSK í glímu sem
fór fram á Hvolsvelli laugardaginn 28. febrúar. Úrslit hópsins urðu þessi.

Skjaldarglíma Skarphéðins

2. Stefán Geirsson	Samhygð	5 keppendur
		3 vinn.

Aðalsafnaðarfundur

Sunnudaginn 8. mars 2009 verður aðalfundur safnaðarinn haldinn eftir messu í Gaulverjabæjarkirkju. Efni fundarinn er venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Messan hefst kl. 14.00 og fundurinn strax þar á eftir. Við hvetjum alla til að mæta og taka þátt í umræðum og hafa þannig áhrif á ákvarðanir varðandi safnaðarstarfið og önnur málefni Gaulverjabæjarkirkju.

Sóknarnefnd

Frá Samhygð

Úrslit af frjálsíþróttamótum

Aldursflokkamót HSK innanhúss

Strákar 12 ára

Viðar Janus Helgason	Hástökk	1,05 m	3. sæti
Umf. Samhygð	Kúluvarp 2,0 kg	7,45 m	3. sæti
	Langstökk án atr.	1,46 m	4. sæti

Ungkonur 19-22 ára

Halldóra Markúsdóttir	Hástökk	1,30 m	5. sæti
Umf. Samhygð	Þrist. án.	6,40 m	5. sæti
	Langst. án.	2,17 m	5. sæti.
	Hást. án.	1,05 m	4. sæti.
	Kúluvarp	6,00 m	6. sæti

Bikarkeppni FRÍ

Kristinn Þór Kristinsson	800 m	2:03,23	4. sæti
--------------------------	-------	---------	---------

Meistaramót FRÍ

Kristinn Þór Kristinsson	800 m	2:04,70	7. sæti
--------------------------	-------	---------	---------

Flóahlaup Umf. Samhygðar

Fer fram laugardaginn 28. mars og hefst kl. 14:00. Keppt er í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára og yngri. 5 km opnum flokkum karla og kvenna. Síðan er keppt í flokkum 39 ára og yngri í 10 km hlaupi karla og kvenna og síðan er hver tugur þar fyrir ofan í sér flokkur allt upp í 70+. Skráningargjald 800 kr fyrir 14 ára og yngri og 1500 kr fyrir 15 ára og eldri. Skráð á staðnum. Kaffihlaðborð að hlaupi loknu. Allir velkomnir

Umf. Samhygð

Ljóst er að um er að ræða dýrmæta varðveislu á menningarminjum og byggingarlist sem telja má að sé á hröðu undanhaldi í þekkingu núlifandi Íslendinga. Einnig liggur fyrir að um talsverða atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu verður að ræða og því fagnar sveitarstjórn og mun beita sér af fremsta megni fyrir framgöngu þessa merka framtaks.

Styrkir Menningarráðs

Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki á grunni samnings sveitarfélaga á Suðurlandi og Menntamálaráðuneytis og Samgönguráðuneytis um menningarmál.

Við styrkúthlutun 2009 verður litið sérstaklega til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Að öðru leyti gilda sömu reglur og við fyrri úthlutanir.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag.

Menningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2009. Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í apríl 2009. Úthlutað verður bara einu sinni árið 2009.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Menningarráðs <http://www.sunnanmenning.is/>. Hér er einnig að finna stefnu sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum og úthlutunarreglur.

Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is.

Umsóknir skal senda, í tölvupósti á menning@sudurland.is eða í ábyrgðarpósti, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss.

Almannavarnarnefnd

Sameiginleg almannavarnarnefnd allra sveitarfélaga í Árnassýslu hefur tekið til starfa. Henni er ætlað fara með málefni almanna allra sveitarfélaga í sýslunni skv. lögum nr. 82/2008.

Almannavarnarnefnd skipa átta fulltrúar aðildarsveitarfélaganna (einn úr hverju sveitarfélagi) sem í öllum tilvikum eru sveitarstjórar viðkomandi sveitarfélaga, lögreglustjórinn í Árnassýslu, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu, fulltrúi svæðisstjórnar björgunarsveita, fulltrúi Rauða krossins og þeir aðilar sem nefndin kallar til samstarfs.

Formaður nefndarinnar er Ragnheiður Hergeirsdóttir, varaformaður er Aldís Hafsteinsdóttir og ritari er Jón Valgeirsson. Markmiðið með starfi Almannavarnarnefndar er að styrkja og efla almannavarnir í sveitarfélögunum. Fulltrúi Flóahrepps í nefndinni er Margrét Sigurðardóttir.

Skólamál

Lítið er að fréttu af framkvæmdarmálum vegna hugsanlegar skólabyggingar.

Sveitarstjórn hefur sótt um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga og jafnframt hafa fulltrúar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga heimssótt skólann til að meta rýmisþörf hans.

Fundur verður hjá Jöfnunarsjóði í mars þar sem málið verður tekið fyrir og ákvörðun tekin.

Allt skiptir þetta máli við ákvörðunartöku um framkvæmdir. Eins og áður hefur verið minnst á verða fyrirhugaðar framkvæmdir kynntar fyrir íbúum ef tekin verður ákvörðun um að fara í þær.

Efni á heimasíðu

Íbúar og félagasamtök í sveitarfélaginu eru hvattir til að senda sveitarstjóra upplýsingar og fréttir fyrir heimasíðuna. Þannig verður síðan virkari og skemmtilegri og nýttist betur sem upplýsingaveita. Netfangið er: floahreppur@floahreppur.is

Fjárhagáætlun Flóahrepps 2009

Fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2009 má sjá á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Sveitarstjórn samþykkti að endurskoða fjárhagsáætlun þegar ársreikningur fyrir árið 2008 liggur fyrir.

Forsendur við gerð fjárhagsáætlunar voru þær að álagning fasteignagjalda yrði óbreytt frá fyrra ári utan sorphirðugjöld fyrir almennt sorp sem fer til urðunar. Þau hækka fyrir 660 ltr og 1.100 ltr kör en óbreytt verð verður fyrir 240 ltr. tunnu. Þessi hækkun er tilkomin vegna breytinga á fyrirkomulagi sorphirðu og sorpeyðingu en jafnframt hefur verið erfitt að láta þennan málaflökk standa undir sér og sveitarfélagið hefur greitt talsverðar upphæðir á hverju ári með hreinsun og urðun sorps.

Útsvarsprósenta hækkar frá fyrra ári og verður 13,28% af útsvarsstofni en Alþingi samþykkti þann 20. desember sl. lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fela meðal annars í sér hækkun hámarksútsvars um 0,25 prósentustig, þ.e. úr 13,03% af útsvarsstofni í 13,28%, sbr. 3. gr. laganna.

Flóahreppur er háður framlögum frá Jöfnunarsjóði en sjóðurinn hefur

veifar og svo seiglast ég áfram og næ leiðarenda eftir u.þ.b. klukkutíma ferð (sem annars er 13 mín. á góð-veðurs/vegar/degi.

Á níunda tímanum um kvöldið sný ég til míns heima í trausti þess að nú hafi klaka nokkuð upp tekið á veginum þar sem veður hafði verið mjög hvasst allan daginn. En fyrir utan Galtastaði mæti ég fólksbíl. Taugaveikluð af reynslu morgunsins vík ég illa fyrir fólksbílnum. Ég lít í baksýnisspegilinn og sé að sá kurteisi ökumaður hins bílsins hefur vikið of vel fyrir mér og situr fastur í kantinum. Ég stoppa, fer út og ríf upp framhurðina farþega megin. „Nú er ég búin að setja þig út af,“ segi ég við ökumanninn. „Já“ , svarar hann og mér heyrir að það sé þungt í honum – eðlilega. „Ég skal reyna að ýta,“ segi ég skömmustuleg. Ekki held ég að honum hafi litist á það, en ég stilli mér upp til að ýta og ekki þurfti meira til, ökumaðurinn reif bílinn upp og ók sína leið. Seinna vissi ég að þetta var Galtastaðabóndinn. Eftir þetta gekk ferðin eins og í sögu, enda mjög bráðnað af vegum.

Hamarsvegurinn er reyndar oftast en ekki illfær fyrstagírsvegur. Fyrir einhverjum árum hefur Vegagerð ríkisins raunsnast við að sturta í hann drullu hvar svo sem þeir fengu hana. Að aka veginn eftir vatnsveður er því, að ég ímynda mér, eins og að stjórna járnbrautarlest. Þegar drullan frýs er svo eins gott að fara ekki út af „teinunum.“ Ég hlýt því að spyrja hvort ekki vanti einhverja forsvarsmenn s.s. oddvita, hreppstjóra eða sýslunefndarmenn til að jagast í vegamálaforkólfum til að fá úrbætur? Kannske eru þessir menn ekki lengur til, sem tala íslensku og fá sínu framgengt. Borga menn ekki bensínskattinn sinn í neðri Flóa?

Á dögnum skrifaði ég yfirmanni vegamála hér á Suðurlandi, Svani Bjarnasyni til að fá úr því skorið hvort vegarspottinn frá Hamarsvegi heim að Skógsnesi væri ekki á þeirra könnu. Brú, ef brú skyldi kalla, er á heimreiðinni og brúar skurð þann sem áður tilheyrði gömlu Þjórsáraveitunni. Á brúargólfinu stóð áður fyrr ártalið 1. 10. 1946, en hefur nú lotið í lægra haldi í tímans rás fyrir tönnum veghefla. Undirstaðan er næstum ónýtt og hallast út og suður. Við brúargólfið hanga (héngu) tvær stikur sitt til hvorrar handar –lárétt - og báru ummerki eldri tegunda viðvörunarstika. Ég sagði Svani frá ástandi brúarinnar og fyrrnefndum stikum, það hann að ráða bót á og halda á einhverju röri með sér til að setja í stað brúarinnar, svo fremi að vegarspottinn tilheyrði umdæmi hans. Einnig spurði ég hann hvort Hamarsvegur væri e.t.v. á minjaskrá og því mætti ekki hafa hann öðru vísi en hann væri. Þó taldi ég það ólíklegt vegna þess hve ungur hann væri. Svanur svaraði mér og sagði ekki stæði til að laga veginn næstu árin en glænýjar stikur stóðu skömmu seinna sínu hvoru megin við brúargólfið! Vegagerðarmeningin nær því allt heim í hlað í Skógsnesi og ruslabillinn og pósturinn ættu því að komast leiðar sinnar þó ekki væru það aðrir.

Þórdís Kristjánsdóttir

Lýðveldið var stofnað og Skógsnes því komið í vegasambandi við menninguna. Honum var ýtt upp úr þeim jarðvegi sem leiðin lá um, en bryggjan yfir Hamarsflóðið var hlaðin úr grjóti. Þá var notuð aðferðin, sem seinna komst í fréttir, og var kölluð „blöndun á staðnum,“ en þar mun malbikunarefni hafa líka til komið. Vegi var ýtt upp alla leið austur í Parta, steipt brú á Gautateig, en aldrei var borið ofan í þann hluta leiðarinnar sem liggur frá Skógsnesi að Sýrlæk/Selparti. Sigmundur á Velli komst þessa leið lengi vel teymandi hjólið sitt yfir planku úr stáli sem brúaði áveituskurðinn, en það er önnur saga. Einnig var vegi ýtt upp að Gafla, en borið ofan í hann löngu seinna. Vegarspottar milli Skógsness og Gafls annars vegar og Skógsness og Sýrlækjar/Selparts voru færir jeppum einkum á sumrum og vel nothæfur fyrir þá sem vildu t.d. kíkja á kaupakonurnar í Skógsnesi. Í leysingum safnaðist oft mikið vatn fyrir vestan Hamarsveginn eða Gaflsveginn, sem ruddi sér gegnum veginn, myndaði djúp skörð í hann og fór sína leið í gegnum skurði Flóaaaveitunnar. Þessi skörð kölluðum við krakkarnir „Fossana“. Á sumrin óku vegvilltir þennan veg og festu sig í drulluhvörfunum okkur krökkunum til talsverðrar ánægju því þá þurfti að draga bíla upp, sem alltaf er nokkur áskorun.

Fyrir nærri heilum áratug, rétt fyrir jól, fór ég niður að Skógsnesi og ætlaði að dunda mér þar eitthvað yfir daginn. Snjóað hafði talsvert áður, en nú var komin asahláka af suðaustan. Ég beygi niður Gaulverjabæjarveginn (á þessum tíma orðinn malbikaður) og viti menn þar sem hann er mun fáfarnari en heimagötur Selfoss þá er hann lagður þykkum svellbunka að auki. Ég finn hvernig mín fjórhjóladrifna eik lætur illa að stjórn og gíra mig niður. Oft snjóar minna þegar komið er niður fyrir Sölvholt og því held ég í vonina að þar standi malbikið meira upp úr. Áfram lædist ég, rígheld mér í stýrið og vonin um minna svell er lengra dregur verður að engu auk þess sem vonlaust er að snúa við. Einum bíl mætti ég þó á siglingu upp Gaulverjabæjarveg án vandræða. Ekki er nú mishæðunum fyrir að fara á leiðinni en eins og Magnús Guðmundsson kenndur við Vorsabæjarhjáleigu eða Dalbæ sagði: „Það þarf ekki að vera djúpt til að vera kallaður dalur í Flóanum“. Smábrekka er við Timburhól, en beygja, brekka og brú við Gerða og þar hafa ýmsir öikumenn betri en ég velt sér um hrygg í beygjunni. Ég fer því að óttast að hvomsast í Gerðalækinn þegar þar að kemur. Mér kemur því í hug að nú muni Helgi í Vorsabæ hafa rutt sína leið út á Gaulverjabæjarveg og ekki kastað til þess höndunum. Þar muni því snjó fyrr hafa upp tekið og blessaður malarvegurinn því með skárri undirlagi fyrir vegfarendur. Ég beygi því og hugboð mitt hefur ekki brugðist, vegurinn ruddur og hér og hvar sér í mölina. Fyrir austan Seljatungu kemur jeppi á móti mér og ég skelfist að þora ekki nógu vel út í kant til að víkja. Þá dettur mér í hug að þetta hljóti að vera sú kjarkaða kona Guðbjörg í Vorsabæjarhjáleigu og að HÚN muni víkja fyrir mér. Ekki bregst mér þetta heldur og svei mér ef hún fór ekki með hægri hjólin bara út af veginum til þess að ég slyppi! Guðbjörg

heimild til að lækka framlög þeirra sveitarfélaga sem ekki fullnýta tekjustofna.

Í áætlun var gert ráð fyrir 5% lækkun útsvars, óbreyttum fasteignaskatti og lóðarleigu og að fjármagnsgjöld hækki um 10%.

Rekstrarkostnaði verður haldið í lágmarki árið 2009 og reynt eftir fremsta megni að leita leiða til að skera niður kostnað.

Gert verður ráð fyrir 5% samningsbundnum hækkunum launa og 0,5% hækkun móttframlags í A-deild LSS.

Gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi fasteigna á árinu en kappkostað að ljúka því sem eftir var af áætlaðri viðhaldsvinnu fasteigna sveitarfélagsins 2008.

Einnig var samþykkt að láta tæma rotþrær við heimili og stofnanir í sveitarfélaginu á þriggja ára fresti frá og með árinu 2009.

Gjaldskrá er ætlað að taka mið af raunkostnaði við losun rotþróa og skiptist í þrjár greiðslur á þremur árum fyrir eina losun. Fengið var tilboð í losun frá viðurkenndum verktaka en einnig þarf að greiða fyrir urðun seyru.

Greiðsla á hverju ári er 7.000 kr. eða 21.000 kr. heildargjald fyrir hverja losun samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar frá 21. janúar s.l.

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður í Þingborg þriðjudaginn 10. mars kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Kosning ritara.

Þeir sem vilja kynna sér starfsemi félagsins og/eða ganga í félagið eru velkomnir.

Stjórnin

Kaffikonur: Anna Margrét, Ásdís, Helga Hermanns, Ólöf, Rósa og Matthildur.

Mynd af Bjarmalandi

Ef einhver lesandi Áveitunnar veit um eða hefur í fórum sínum mynd af Bjarmalandi, húsi Umf. Samhygðar 1911-1947 þá væri mér mikil þökk í að fá hana að láni til birtingar með sögubroti félagsins sem mun birtast í Árnésingi í vor.

Einnig væru aðrar myndir úr starfinu vel þegnar. Látið vita í síma 861-6678 eða netfangið jonm@umfi.is.

Kær kveðja. Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli.

Félagsþjónusta í uppsveitum Árnassýslu og Flóa

Félagsleg heimþjónusta:

Lifandi og skemmtilegt starf.

Óskað er eftir að ráða einstakling í allt að 25-40 % starf og til afleysinga í félagslega heimþjónustu. Starfið felst í heimilishjálpi og ýmis konar þjónustu í heimahúsum. Leitað er eftir jákvæðum og hressum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt.

Greidd eru laun skv. kjarasamningi Félags opinbera starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.

Nánari upplýsingar gefa Nanna Mjöll Atladóttir, félagsmálastjóri og Sigrún Símonardóttir hjá Félagsþjónustu uppsveita Árnassýslu og Flóa, Heilsugæslustöðinni í Laugarási, í síma: 480-5300.

Bílaþvottur og bón

Tek að mér þrif á bílum.

Alþrif á fólksbíl: Tjöruhreinsun, sápuþvottur, bón, ryksugun og þrif að innan.

Verð = 6000kr

Alþrif á jeppa: Tjöruhreinsun, sápuþvottur, bón, ryksugun og þrif að innan.

Verð = 7000kr

Ég sé um að ná í bílinn og skila honum til baka.

Endilega hafið samband við **Hauk á Stóru-Reykjum** í síma **866-8737**.

Þorablótsannáll Umf Baldurs 2009

Þá sem langar til að eignast þorablótsannál Umf. Baldurs frá síðasta þorablóti, geta fengið hann keyptan hjá Baldri Gauta í síma 867-3538 eða í netfangið ballroq@hotmail.com, fyrir litlar 500 krónur.

Umf Baldur

Aðalfundur

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður þriðju-dagskvöldið 24. mars 2009 og hefst kl. 20.30. Efni fundarins er venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál sem fyrir fundinum liggja. Vonumst til að sjá sem flestar og nýir félagar boðnir velkomnir í þennan frábæra félagsskap.

Stjórnin.

Tapað-fundið!

Ýmissa hluta er saknað úr eldhúsinu í Félagslundu, þar á meðal eru; kökudiskar, stór tertuföt úr stáli, glerskálar, eldföst mót og kannski fleira. Mælst er til að fólk gái nú í skápa og búr hvort ekki geti leynst þar eitthvað af því sem saknað er, og ef eitthvað finnst að koma því til húsvardar.

Kvenfélagið og Kristín húsvörður.

Þórdís Kristjánsdóttir skrifar

„Áfram veginn...“

„Áfram veginn í vagninum ek ég inn í vaxandi kvöldskuggaþröng, ökubjöllurnar blíðróma kliður hægur blandast við ekilsins söng...“ söng Stefano Íslandi forðum. Ekki var þetta nú líklega Hamarsvegurinn, í umræddu rómantísku kvæði. Hann ók ég reyndar í hestvagni ásamt bræðrum mínum í upphafi 6. áratugarins þegar við fluttum mjólkurbrúsa á hestvagni frá Skógsnesi út að Hamri. Ég man ennþá hljóðið í vagnhjólunum þegar ekið var eftir veginum. Það var nefnilega miklu fallegra og þægilegra þegar ekið var eftir skeljasandinum fyrir austan Stórukot heldur en perlusandinum sem var á hinum helmingi vegarins. Við vorum þó of smá til að koma brúsunum fullum upp úr vagninum upp á mjólkurpallinn og þurftum því að leita til drengjanna á Hamri Hauks og Benedikts, sem voru eldri. Þetta var ekki glæfraferð í þeim skilningi að við værum í nokkurri hættu á hestvagni því hesturinn, Jökull, hafði vit fyrir krökunum og brást aldrei alla sína hestsævi. Þá var þessi u.þ.b. tveggja km leið oft ófær bílum, en nú er hann líklega skrársti kafla Hamarsvegar.

Vegurinn frá Galtastöðum að Skógsnesi var gerður um það leyti sem

Kötturinn fór út að ganga

og hitti bæði löggú og fanga.

Kötturinn hitti annan kött

sem langaði að fljúga á annan hnött.

Kötturinn kunni ekki að fljúga

svo hann fékk sér bara bjúga.

Fjör í Flóanum

Rekstrarstjórn Félagsheimilanna í Flóahrepp er að hefja undirbúning fyrir okkar árlegu sveitarhátíð **“Fjör í Flóanum”** Undanfarin ár hefur hátíðin verið haldin síðustu helgi í maí en þar sem Hvítasunnan í ár er þessa helgi er stefnt að því nú að halda hátíðina frekar fyrstu helgi í júní þ.e. **5. til 7. júní.**

Tilgangur hátíðarinnar er aðalega tvíþættur. Annarsvegar að íbúar Flóahrepps, núverandi og fyrrverandi, sem og allir velunnarar og vinir geri sér einhvern dagamun saman í upphafi sumars. Hinsvegar að vekja athygli á þessu sveitarfélagi með því að kynna sögu þess, náttúrufer, og mannlíf. Sérstaklega er lögð áhersla á að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem hér fer fram og þá þjónustu sem er hér í boði. Eins og undanfarin ár eru einstaklingar og fyrirtæki hvött til þess að taka þátt í hátíðinni og kynna starfsemi sína, framleiðsluvörur eða þjónustu. Hægt er að gera það t.d. með því að hafa opið hús hjá sér þessa helgi, bjóða fólki til sín einhvern ákveðin tíma eða kynna sína starfsemi, vöru eða þjónustu í einhverju félagsheimilinu. Þeir sem vilja taka þátt í þessu eru beðnir að hafa samband við rekstrarstjórn eða einhvern húsvarðanna tímanlega svo allir þátttakendur verði með í kynningu hátíðarinnar.

Í rekstarstjórn eru: Aðalsteinn Sveinsson Kolsholti

Helgi Sigurðsson Súluholti

Anný Ingimarsdóttir Vorsabæjarháleigu

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir Vatnsholti

Sigurbára Rúnarsdóttir Langsstöðum

Húsverðir eru: Þingborg: Ingibjörg Einarsdóttir Langsstöðum

Þjórsárver: Erling Sæmundson Skálatjörn

Félagslundur: Kristín Ólafsdóttir Gaulverjabæ

Pistillinn

Já nú fer að stytast í vorið og sól er farina ð hækka á lofti, kosningar er það sem koma skal en tilhlökkun er þó meiri eftir vorkomunni. Þá til dæmis fyllist allt af litlum vinum sem koma með vorið með sér.

Rauðbrystingar í þúsunda tali þjóta um himininn, glaðir yfir því að vera komnir yfir hafið. Það eru forréttindi að verða vitni að lífsgleði þeirra og einstakri hópflugstækni sem minnir á listflugshópinn Rauðu Örvarnar, nema þessi hópur telur þúsundir og er mun liðugri í loftinu. Skúmurinn er hálf feiminn innan um þá og lætur lítið fyrir sér fara enda einstaklingshyggjuflug sem rænir hreiður annarra fugla og stjórnast af afkomu þeirra. Athyglisvert að rauðbrystingurinn er einungis í stuttu stoppi á leið til Grænlands þar sem hann eyðir sumrinu og svo sjáum við hann aftur í haust með nýja einstaklinga í hópnum sem eru að læra lífskúnstina, þeir eru velkomnir gestir sem lyfta brúninni á okkur moldvörpunum og sýna okkur hvað undur lífsins eru margbreytileg. Þarna er heilt samfélag sem ferðast heimsálfa á milli, samheldinn hópur sem lifir í sátt við náttúruna. Að fylgjast með þeim er á við besta sjónvarpsþátt. Svona er allt fugallífið hér í Flóanum. Krían sem er misvinsæl er minn uppáhaldsfugl, flughæfnin einstök og svo er hún svo fagurlega sköpuð, einstaklega fullkomin til flugs, fuglafræðingar sem halda því fram að Kólimbrífuglinn sé sá eini sem geti haldið sér kyrrum í loftinu ættu að fylgjast með kríunni, hún getur þetta líka. Ásamt því að vera víðförlasti fugl á okkar plánetu, þá er hún einstaklega hugrökk og samheldnin í hópnum er einstök þegar þarf að verja hreiðrið eins og margir hafa reynt, dásamleg bardagatækni, þar sem barist er við ofurefli en krían berst alltaf eins og sigurvegari.

Þegar við systkinin vorum hér í Partinum hjá þeim bræðrum Sigga og Jóa var viðtekin venja að fara með gestkomandi krakka í kríuvarpið sem var í túninu neðan við bæinn, allir með vaskafat eða potta á höfðinu, þetta var einskona manndómsvígsla því það þóttu ekki merkilegir pappírar sem hopuðu og hlupu heim. Svólítið kvikindislegt af okkur systkinunum en við höfðum gaman af, þetta var jú okkar heimavöllur, okkar sveit.

Virðing fyrir náttúrunni og landinu er eitthvað sem við eigum að temja okkur því við erum hér í svo stuttan tíma og hvað er betra en skila landinu í betra formi til afkomenda okkar sem vonandi læra af okkur sem eldri eru, landsgæði í formi óspjallaðrar náttúru eru forréttindi sem ekki

er sjálfsagt að finna í heimi sem stjórnast af stundargróða. Landbúnaður á Íslandi er meðal hreinustu matvælauppsprettu í veröldinni og á eftir að verða enn viðurkenndari og virtari meðal annarra þjóða í framtíðinni, en aðeins ef við höldum hreinleika okkar og látum ekki glepjast af talsmönnum óhefts innflutnings og annarra breytingaglaðra einstaklinga. Nú má draga þennan pistil í háði því byrjunin er jú óheftur innflutningur á fuglakjöti og svo er talað um hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða. Hvað er rétt hvað er rangt, augljóst mál eða hvað, nei hreint ekki, en markmið okkar allra ætti að vera eins og rauðbrystinganna, það sem er best fyrir hópinn um komandi framtíð þ.e.a.s. fyrir okkar afkomendur. Það er það sem við eigum að hafa að leiðarljósi í ákvarðanatöku okkar, ekki eigin stundarhagsmunir ef það skaðar komandi kynslóðir.

Kær kveðja
Bjarni Sigurðsson Gegnishólaparti

Skora á vin minn Magnús í Meðalholtum að taka næsta pistil.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri laugardaginn 7. mars. kl. 13.00.
Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf.
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir á fundinn.
Mætum nú vel og gleymum ekki veitingunum.
f.h. stjórnar,
Sólveig Þórðardóttir ritari

Aðalfundur Hrossaræktardeildar Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudagskvöldið 25. mars kl. 20: 30 í Þjórsárveri.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Fréttir frá Krakkaborg

Sælt veri fólkið,
Ýmislegt hefur verið gert hjá okkur skemmtilegt í Krakkaborg í febrúarmánuði. Á Sprengidaginn borðuðum við saltkjöt og baunir að hefðbundnum íslenskum sið. Á Öskudaginn mættu síðan börnin í búningum og/eða náttfötum í leikskólann og haldið var Öskudagsball í Þingborg þar sem kötturinn verður sleginn úr tunnuni með öllu tilheyrandi.

Miðvikudaginn 11. febrúar fóru krakkarnir á Tígradeild og eldri börnin á Strumpadeild í heimsókn í bókasafnið á Selfoss þar sem vel var tekið á móti okkur og heppnaðist í alla staði mjög vel.

Hún Magga okkar hættir á Strumpadeild þann 1. mars. Við þökkum Möggu fyrir samveruna hér í Krakkaborg og óskum henni góðs gengi þann 1. mars byrjar hjá okkur nýr starfsmaður á Strumpadeild og heitir hún Ellen Bachmann Lúðvíksdóttir. Ellen er mörgum kunnug og býr hún á Langstöðum í Flóahreppi. Bjóðum við Ellen hjartanlega velkomna til starfa í Krakkaborg.

Þann 6. febrúar síðastliðinn var dagur leikskólans haldinn hátíðlegur um allt land. Við hér í Krakkaborg höldum upp á daginn með andslitsmálun og pizzuveislu. Börnin fóru í allskonar gervi þennan dag og hér á myndinni sjást þau Elisabeth, Marta og Elías lifa sig inn í hlutverk tigrisdýra.

Þeir séra Sveinn úr Eyrabakkaprestakalli og séra Kristinn úr Hraungerðisprestakalli koma til okkar hér í Krakkaborg á fimmtudögum og verða með barnastarf kirkjunnar fyrir börn fædd 2003 og 2004 fram á vorið.

Foreldrafélag Krakkaborgar stóð fyrir fræðslukvöldi þann 26. febrúar í Flóaskóla þar sem þrjár konur úr foreldrafélaginu fluttu erindi á fundinum. Hulda Kristjánsdóttir íþróttakennari fjallaði um hreyfingu barna, Sigrún Helgadóttir uppeldis- og menntunarfræðingur um mismunandi uppeldisaðferðir og Sigurbára Rúnarsdóttir þroskaþjálfari kynnti tákni með tali. Það er því hægt að segja að við eigum þarna öflugar konur að.

Börnin á Tígradeild eru daglega í markvissri málörvun sem byggir á hluta til á að ríma. Þetta er svo afraksturinn og ljóst er að þau eiga aldeilis framtíðina fyrir sér í ljóðlistinni.

Skólaráð Flóaskóla hefur fundað reglulega síðan í haust þegar valið var í ráðið í fyrsta sinn eftir að ný grunnskólalög tóku gildi. Í nýútgefni reglugerð Menntamálaráðuneytis um starfsemi skólaráðs er tekið fram að skólaráð skuli standa fyrir opnum fundi um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins einu sinni á ári. Skólaráð hefur í hyggju að standa fyrir þannig fundi í lok apríl og vonast eftir að sem flestir íbúar sveitarfélagsins mæti á fundinn og taki þátt í umræðu um skólamálin. Fundurinn verður auglýstur betur síðar.

Undirbúningur næsta skólaárs er nú að hefjast. Það eru fyrirsjáanlegar töliverðar breytingar á skólalögun en eins og allir vita verður 8. bekk kennt við skólann á næsta skólári í fyrsta sinn. Þetta eru spennandi tímar og krefjandi starf framundan. Útlit er fyrir að starfsmannabreytingar verði litlar enda gott fyrir allt faglegt starf að geta haldið stöðugleika í starfsmannahaldi.

Sveitungar eru hvattir til að hafa samband við okkur í skólanum hafi þeir hugmyndir eða ábendingar sem gætu nýst okkur vel í skólastarfinu. Við leggjum áherslu á að eiga áfram gott samstarf við íbúa sveitarfélagsins.

*Með bestu kveðju, Kristín Sigurðardóttir
skólastjóri*

kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn þann 18. mars nk. klukkan 20:30 í Þingborg. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Fræðsluerindi Hafsteins Hafliðasonar um skógrækt og umhverfismál þeir félagar sem ætla að panta plöntur í vor eru beðnir um að hafa samband við Jón í Laugardælum í síma 482-1923 sem fyrst.

Stjórnin

Fréttir frá Umf. Vöku:

Meistaramót 15 - 22 ára

Haldið í Laugardalshöll dagana 31. janúar og 1. febrúar 2009

Drengir 17-18 ára

Bjarni Már Ólafsson	'91	Hástökk	1,68m	3. sæti
		60m hlaup	7,71sek	7. sæti
		Langstökk	5,07m	9. sæti

Ungkarlar 19-22 ára

Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,44sek	6. sæti
		200m hlaup	23,55sek	5. sæti

Stúlkur 17-18 ára

Ingunn Harpa Bjarkadóttir	'91	Hástökk	1,50m	4. sæti
---------------------------	-----	---------	-------	---------

Meistaramót Íslands

Haldið í Laugardalshöll dagana 7.- 8. febrúar 2009

Bjarni Már Ólafsson	'91	60m hlaup	7,74sek	23. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,62sek	15. sæti
		200m hlaup	23,84sek	10. sæti

Bikarkeppni FRÍ

Haldin í Laugardalshöll þann 21. febrúar 2009

Bjarni Már Ólafsson	'91	4x400m boðhlaup	3:41,58 mín	6. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,44sek	4. sæti
		200m hlaup	23,91sek	5. sæti
		4x400m boðhlaup	3:41,58 mín	6. sæti

Unglingamót HSK 15 – 22 ára innanhúss

Haldið á Laugarvatni þann 22. febrúar 2009

Drengir 17-18 ára

Bjarni Már Ólafsson	'91	Kúluvarp 5,5kg	12,59m	1. sæti
UMF. Vaka		Stangarstökk	2,75m	2. sæti
		Langstökk án atr.	2,69m	2. sæti
		Þrístökk án atr.	8,14m	2. sæti
		Hástökk án atr.	1,25m	2. sæti
		Hástökk	1,60m	2. sæti

Ungkonur 19-22 ára

Guðmunda Ólafsdóttir	'89	Kúluvarp	6,86m	4. sæti
----------------------	-----	----------	-------	---------

Ungkarlar 19-22 ára

Haraldur Einarsson	'87	Þrístökk án atr.	8,46m	1. sæti
UMF. Vaka		Langstökk án atr.	2,92m	1. sæti
		Stangarstökk	2,40m	2. sæti

	Hástökk án atr.	1,40m	2. sæti
	Hástökk	1,60m	3. sæti
	Kúluvarp 7,26kg	10,06m	3. sæti

Stúlkur 17-18 ára

Ingunn Harpa Bjarkadóttir '91	Hástökk	1,45m	1. sæti
UMF. Vaka	Langstökk án atr.	2,35m	2. sæti
	Þrístökk án atr.	6,47m	2. sæti
	Hástökk án atr.	1,05m	2. sæti
	Kúluvarp 4,0 kg	7,77m	2. sæti

Ungkonur 19-22 ára

Matthildur M. Guðmunds. '90	Hástökk	1,25m	6. sæti
UMF. Vaka	Hástökk án atr.	1,00m	6. sæti
	Þrístökk án atr.	6,22m	6. sæti
	Langstökk án atr.	1,95m	7. sæti
	Kúluvarp	5,80m	7. sæti

Aldursflokkamót HSK 11 – 14 ára innanhúss

Haldið á Laugarvatni þann 22. febrúar 2009

Piltar 13 ára

Arnar Einarsson '96	Langstökk án atr.	1,97m	2. sæti
UMF. Vaka	Hástökk	1,15m	2. sæti
	Kúluvarp 3,0 kg	6,73m	2. sæti
	Þrístökk án atr.	5,53m	3. sæti

Stelpur 12 ára

Guðrún Inga Helgadóttir '97	Kúluvarp 2,0 kg	8,19m	1. sæti
UMF. Vaka	Langstökk án atr.	1,92m	2. sæti
	Hástökk	1,20m	2. sæti

Meistaramót 11 – 14 ára

Haldið í Laugardalshöll dagana 28. febrúar og 1. mars 2009

Piltar 13 ára

Arnar Einarsson '96	Kúluvarp 3,0kg	6,09m	20. sæti
UMF. Vaka	60m hlaup	9,22sek	16. sæti
	Hástökk	1,15m	9.-11. s
	60m grindahlaup	12,17sek	9. sæti
	4x200m boðhl.	2:11,82mín	4. sæti

Stelpur 12 ára

Guðrún Inga Helgadóttir '97	Langstökk	3,88m	7. sæti
UMF. Vaka	60m hlaup	9,72sek	13. sæti
	Kúluvarp	8,79m	3. sæti
	Hástökk	1,05m	17.-21.
	4x200m boðhlaup	2:23,45mín	7. sæti

Strákar 11 ára

Ægir Atlason '98	60m hlaup	11,07sek	30. sæti
UMF. Vaka	Langstökk	3,87m	9. sæti
	Hástökk	1,10m	4.-9. sæti

Frá Flóaskóla

Upplestrarkeppni Flóaskóla var haldin á sprengidag, þann 24. febrúar sl. Þar kepptu 14 nemendur í 7. bekk um sæti tveggja fulltrúa í Stóru upplestrarkeppnina. Dómnefnd skipuð þeim Fanneyju Ólafsdóttur Hurðarbaki, Hildu Pálmadóttur Stóra-Ármóti og Stefáni Geirssyni Gerðum valdi Svein Orra Einarsson frá Egilsstaðakoti og Einar Víglund Kristjánsson frá Vatnsholti sem fulltrúa Flóaskóla. Hjördís Björg Viðjudóttir frá Langholti var valin sem varamaður þeirra. Við óskum þeim innilega til hamingju með þennan góða árangur og þökkum dómnefnd fyrir vel unnin störf. Stóra upplestrarkeppnin verður haldin í Árnesi miðvikudaginn 11. mars og hafa þeir Sveinn Orri og Einar Víglundur því nokkra daga til frekari undirbúnings. Við vitum að þeim á eftir að vegna vel og vera góðir fulltrúar skólans okkar.

Á degi stærðfræðinnar í byrjun febrúar tóku allir nemendur skólans þátt í stærðfræðigetraunum. Nemendur úr öllum bekkjum fengu viðurkenningar fyrir góðar úrlausnir. Við þökkum TRS og Office One á Selfossi fyrir veittan stuðning en þessi fyrirtæki gáfu skólavörur í verðlaun í getraunum.

Mars mánuður er síðasti kennslumánuður fyrir páska, en páskaleyfi hefst 3. apríl. Fimmtudagskvöldið 2. apríl verður árshátíð skólans haldin og er undirbúningur fyrir sameinginlegt leikrit allra nemenda að hefjast. Vegna mikils fjölda gesta á árshátíð skólans undanfarin ár reiknum við með að hafa árshátíðina í Félagslundu að þessu sinni, en þar komum við fleiri gestum í sæti en í Þjórsárveri.